

Mánudaginn 28. febrúar 1938.

Nr. 22/1937. Stjórn h/f „Græðir“ f. h. eigenda og váttryggjenda b/v „Hafsteinn“ Í. S. 449 (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Bæjarfógeta Guðmundi Hannessyni  
f. h. Siglufjarðarkaupstaðar

(Pétur Magnússon).

Bætur fyrir spjöll á bryggjum.

#### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 16. marz f. á., hefir krafizt sýknu í málinu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það athugast, að váttryggjandi b/v „Hafsteinn“ hefir ábyrgzt gagnvart stefnda greiðslu á tjóni því, er í máli þessu getur og reynist af völdum téðs togara.

Í útdrætti úr leiðarabók b/v „Hafsteinn“, dags. 26. okt. 1934, sem ekki hefir verið véfengdur, er það talin ástæða fyrir því, að togara þessum var lagt við bæjarbryggjuna á Siglufirði kl. 6 e. h. nefndan dag, að akkerisvinda hans hafi verið biluð, og hafi skipverjar þess vegna ekki treyst sér að leggja skipinu í lægi úti á höfninni. Auk þess hafi þeir talið vafasamt, að hægt yrði að andæfa, ef veður yrði mjög dimmt. Samkvæmt þessu verður að ganga út frá því í málinu, að hættulegt hefði verið fyrir togarann að hafast við úti á höfninni í norðanveðri því,

sem þá geisaði, og að honum hafi verið lagt að bryggjunni til að forða honum og áhöfn hans frá háska. Var ráðstöfun þessi þannig leyfileg og réttmæt, en með henni bundust eigendur togarans þeirri skyldu að bæta, eftir því sem verðmæti togarans hrekkur til, spjöll þau, sem urðu á bryggjum og tækjum vegna vistar togarans við bryggjuna og misbrests þess, sem telja má, að hafi orðið á gæzlu hans þar, að því leyti sem skipverjunum verður á því sök gefin.

Að því er varðar gæzlu togarans við bryggjuna, þá er þess fyrst að geta, að skipstjórinn lét farast fyrir að leita fyrirmæla hafnaryfirvaldanna um það, hvar hann mætti leggja togaranum að bryggjunni og hverra varúðarráðstafana skyldi gætt til þess að afstýra því, að spjöll hlytust af vist hans þar. Þá verður og að telja það stórfellt skyldubrot af hálfu skipstjórans — í því stórviðri, sem þá var á skollid — að hverfa frá skipi sínu nokkru eftir að því hafði verið lagt að bryggjunni og vera fjarvistum frá skipinu yfir nóttina og fram eftir næsta degi, sbr. 34. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914. En við ákvörðun skaðabóta þeirra, sem áfrýjanda ber að greiða, kemur einnig til greina vanræksla, sem átt hefir sér stað af hendi hafnarvarðar Siglufjarðar eða starfsmanna hans. Það verður sem sé að líta svo á, að hafnarverði hafi borið skylda til, eins og veðri var háttað aðfaranótt 27. okt., að hlutast til um, að fullnægjandi hafngælzlu væri haldið uppi, og ennfremur má ætla, að ef aðstoðar hafnarvarðar hefði við notið, þá hefði mátt afstýra bryggjupspjöllunum að meira eða minna leyti, sérstaklega með því að búa betur um togarann við bryggjuna en raun varð á, en í þessu efni ber að geta þess, að upplýst er, að eitt eða

tvö festarhöld í bryggjunni biluðu, og að sú bilun var upphaf að því, að togarinn slitnaði frá bryggjunni. Nú fól hafnarvörður að visu tveimur mönnum að dveljast við höfnina um nóttina, að því er virðist, til að gæta að því, hvort eignatjón yrði af völdum veðurs og sjávarflóða. Mönnum þessum varð ekki að vegi að gera hafnarverði viðvart um vist oftnefnds togara við bæjarbryggjuna. Hafa þeir þannig annaðhvort brugðizt skyldu sinni eða hafnarvörður hefir gefið þeim ófullnægjandi fyrirmæli um, hvers þeim bar að gæta í starfi sínu, en hvernig sem þessu hefir verið farið, þá verða mistök þessi að koma stefnda í koll. Leiða ástæður þær, sem nú hafa raktar verið, til þess að ekki ber að dæma stefnda fullar bætur. Þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 80% af tjóninu, eða kr. 6480.00, með vöxtum eins og segir í héraðsdóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals kr. 600.00 í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, stjórn h/f „Græðir“ f. h. eigenda og vátryggjenda b/v „Hafsteinn“ Í. S. 449, greiði stefnda, bæjarfógeta Guðmundi Hannesyni f. h. Siglufjarðarkaupstaðar, kr. 6480.00 með 5% ársvöxtum frá 1. marz 1935 til greiðsludags. Svo greiði og áfrýjandi stefnda kr. 600.00 samtals í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur sjóréttar Reykjavíkur 16. nóv. 1936.

Vegna aðsteðjandi óveðurs leitaði b/v Hafsteinn inn til Siglufjarðar 26. okt. 1934 og lagðist þar við bryggju. Skömmu síðar var skipið beðið að svipast um eftir bát, sem saknað var, og er skipið kom út í fjörðinn, taldi það ófært að halda lengra og sneri aftur til Siglufjarðar og lagðist þar við innanverða bæjarbryggjuna um kl. 6 e. h., í rökkurs byrjun. Var þá komið mikið brim og stórviðri. Akkerisspil skipsins var í ólagi, og treystist skipstjóri því ekki að leggjast fyrir akkeri á höfninni. Veðrið óx eftir því sem á kvöldið leið, og tóku brátt landfestar skipsins að slitna í sífellu, og voru þá aðrar settar í þeirra stað eftir því sem föng voru á, en mikið af tógi og vírum skipsins eyðilagðist með öllu eða varð lítt nothæft. Þessu fór fram alla nóttina, enda óx stöðugt veður og sjór og varð að fullum ofsa hvortveggja. Að morgni þess 27. okt. kl. 6.30 slitnaði skipið frá bryggjunni, fyrst að framan, og slóst með krafti á trébryggju, sem næst var fyrir innan bæjarbryggjuna og braut hana mikið og skemmdi bæjarbryggjuna einnig. Er skipið hafði slitnað alveg frá bryggjunni, hélt það út á fjörðinn og hafðist þar við til kl. 6 síðd., er því var leyft að leggjast að bryggjunni á ný.

Hinn 28. okt., eða daginn eftir, var sjóferðaprófið haldið á Siglufirði út af þessum viðburðum og menn kvaddir til að meta skemmdirnar, sem voru metnar á trébryggjunni 7000 kr., en 1100 kr. á bæjarbryggjunni. Siglufjarðarkaupstaður, sem á báðar bryggjurnar, hefir nú hér fyrir sjóréttinum eftir samkomulagi við stefndu, sem reynzt hafa ófáanlegir til að greiða bætur fyrir skemmdirnar, höfðað mál þetta gegn stjórn h/f Græðir f. h. eigenda skipsins og vátryggjenda þess, sem er Samtrygging ísl. botnvörpunga, til greiðslu á kr. 8100.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1934 til greiðsludags, og alls kostnaðar við málið að skaðlausu.

Stefndir hafa krafizt algerðrar sýknu í málinu og sér dæmðan málskostnað. Byggja þeir sýknu sína á því, að það hafi verið veðurofsinn og sjávarrótið eingöngu, sem olli því, að skipið slitnaði frá bryggjunni að framan og olli skemmdunum, sem bóta er krafizt fyrir, og að það, sem bilaði, hafi verið hald landfestanna á bryggjunni, enda hafi tekizt að halda skipinu við bryggjuna þar til festarhöldin biluðu.

Um síðarnefnda atriðið skal það tekið fram, að þrátt fyrir vitnisburð skipverja á b/v Hafstein um, að tvö höld á bryggjunni hafi brotnað eða bilað, þá verður að telja það ósannað, þar sem svo mörg vitni hafa borið, að hringur í einum festarstólpa að eins hafi bilað, en sá stólpi var miðskips og taug úr honum aðallega til að hamla því, að skipið hærst upp í marbakkann. Eftir því, sem fram er komið í málinu, virðist það heldur ekki geta ráðið úrslitum, hversu traust festarhöld bryggjunnar voru. Það er upplýst, að skipstjóri lagði skipinu að bryggjunni án nokkurs leyfis hafnaryfirvalda og festi það við bryggjuna og bjó um það þar án vitundar hafnarvarðar. Það er ennfremur ósannað, að hafnarvörður eða umboðsmaður hans hafi eftir á gefið samþykki sitt til legu skipsins við bryggjuna. Þótt festarhöld bryggjunnar hafi bilað, leiðir það ekki til sýknu stefndu. Það verður að visu að fallast á þá skoðun stefndu, að tjónið hafi orsakast af því, að veðurofsinn og brimrótið var svo mikið, en hitt er jafnvist, að tjónið hlaut af því, að skipinu var lagt við bryggjuna. Þykir þá ekki verða komizt hjá því, eftir því sem í garðinn var búið, að telja, að skipið beri ábyrgð á tjóninu, enda þótt svo sýnist, sem skipverjar þeir, er um borð voru, hafi gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til að varðveita skip og mannvirki. En ekki er það þó útilokað, að betur hefði tekizt til, ef skipstjóri hefði sjálfur gætt skips síns, en það gerði hann ekki. Eftir að hann hafði í leyfisleysi hafnarvarðar, eins og áður er sagt, lagt skipinu við bryggjuna, þá yfirgefur hann skipið að svo búnu í uppgangs- og ofsaveðri og fer ekki um borð aftur fyrr en skipið fékk leyfi til að leggjast aftur að bryggjunni, svo sem að framan segir.

Samkv. framansögðu þykja því stefndu eiga að bæta stefnanda tjón það, sem b/v Hafstein varð valdur að, en upphæð bótanna hefir ekki verið véfengd, og ber því að taka kröfur stefnanda til greina, en þó þannig, að vextir reiknast 5% og frá stefnudegi 1. marz 1935, og í málskostnað greiði stefndu kr. 543.50.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn h/f Græðir f. h. eigenda og váttryggjenda b/v Hafstein Í. S. 449 greiði Siglufjarðarkaupstað

kr. 8100.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. marz 1935 til greiðsludags, og kr. 543.50 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 7. marz 1938.

Nr. 154/1937. Sigurður Ólason f. h. ríkisspítalanna  
(Einar B. Guðmundsson)  
gegn

Seyðisfjarðarkaupstað  
(Lárus Jóhannesson).

Um skyldu hreppsfélags til greiðslu spítalakostnaðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. des. f. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 205.00 með 6% ársvöxtum frá 18. maí 1937 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.  
Áfrýjandi, Sigurður Ólason f. h. ríkisspítal-